



Ísafjarðarbær	
MÓTEKJU	
25. okt. 2019	
Málsnr. 2016-12-0057	Frumrit - skilist til skjalasafns

Bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar
Stjórnsýsluhúsinu
Hafnarstræti 1
400 Ísafjörður

Reykjavík, 22. október 2019
Tilvísun: 201905-0197

Efni: Úttekt á Slökkviliði Ísafjarðar 2019

Í 6. gr. laga um brunavarnir kemur fram að Mannvirkjastofnun skuli með sjálfstæðum athugunum og úttektum leiðbeina sveitarstjónum um kröfur sem gerðar eru til eldvarnaeftirlits og slökkviliða.

Mannvirkjastofnun framkvæmdi úttektir á slökkviliðum á Vesturlandi og Vestfjörðum vorið 2019. Gerð var úttekt á Slökkviliði Ísafjarðar þann 19.6.2019. Markmiðið með úttektinni var að fylgja eftir hvernig slökkviliði viður í samræmi við lög, reglugerðir og eigin brunavarnaáætlun. Farið var yfir helstu atriði sem tiltekin eru í lögum nr. 75/2000 um brunavarnir og reglugerðum nr. 1088/2013 um reykófun, nr. 914/2009 um hlífðarbúnað slökkviliðsmanna, nr. 723/2017 um eldvarnaeftirlit sveitarfélaga með atvinnuhúsnaði og nr. 747/2018 um starfsemi slökkviliða. Einnig er farið yfir hvernig slökkviliði starfar í samræmi við eigin brunavarnaáætlun.

Niðurstöður úttektarinnar voru þann 23.08.2019 sendar slökkviliðsstjóra til umsagnar. Ekki hafa borist athugasemdir frá slökkviliðsstjóra.

Í úttektinni var spurt um til hvaða ráðstafana hefði verið gripið vegna athugasemda sem gerðar voru við úttekt Mannvirkjastofnunar árið 2016. Útbætur voru ekki gerðar. Þær athugasemdir eru því óbreyttar frá síðustu úttekt.

Helstu niðurstöður eru að:

- Endurskoða þarf brunavarnaáætlun.
- Upplýsingar um vatn fyrir slökkvikerfi, slökkvivatn og eftirlit með virkni brunahana er ekki í samræmi við þær kröfur sem gerðar eru í lögum nr. 75/2000.
- Uppsetning loftpressu þarfnaða úrbóta, krafa er um öryggisstraumrofa við áfyllingu og öryggiskeðjur á slöngur.

Mannvirkjastofnun vekur athygli á að í bréfi dags. 21.01.2014 voru gerðar sömu athugasemdir varðandi slökkvivatn. Samkvæmt bréfi dags 19.12.2016 bætist endurskoðun brunavarnaáætlunar við. Þessum atriðum er enn ólokið.



Mannvirkjastofnun beinir þeim tilmælum til sveitarstjórnar að úrbætur verði gerðar sem fyrst.

Meðfylgjandi er annars vegar stutt yfirlit yfir þau atriði sem þarfnaða úrbóta og hins vegar þeir gátlistar sem notaðir voru við úttektina í heild.

Virðingarfyllst
f.h. Mannvirkjastofnunar

Davíð S. Snorrason
fagstjóri eldvarnasviðs

Afrit sent : Slökkviliðsstjóra

Stutt yfirlit yfir þau atriði sem þarfnað úrbóta.

Samandregið úr gátlisum sem notaðir voru við úttektina, eru eftirfarandi helstu atriði sem er ábótavant. Númer atriðis visar til gátlistans þar sem jafnfram er tilgreint hvaða lög og/eða reglugerðarákvæði á við um viðkomandi atriði.

Atriði	Mat	Lýsing
4	Þarfnað úrbóta	Ef viðbragðstími slökkviliðs aðliggjandi sveitarfélags fyrir ákveðið landsvæði er styttri en frá slökkviliði þess sveitarfélags sem landsvæðið tilheyrir skulu sveitarfélögin gera með sér samninga til að tryggja sem skemmstan viðbragðstíma óháð sveitarfélagamörkum. Í samningum skal tekið fram verklag við beiðni og um greiðslu kostnaðar.
6	Vantar	Upplýsingagjöf og skráning gagna. Mannvirkjastofnun getur krafð sveitarfélög um nauðsynlegar upplýsingar um stöðu brunavarna og um búnað og starfsemi slökkviliðs í sveitarfélagini. Slökkviliðsstjóri skal sjá til þess að Mannvirkjastofnun séu fyrir 1. maí ár hvert sendar upplýsingar um rekstur slökkviliðsins og búnað í samræmi við leiðbeiningar stofnunarinnar.
8	Þarfnað úrbóta	Brunavarnaáætlun. Á hverju starfssvæði slökkviliðs skal liggja fyrir brunavarnaáætlun sem unnin er af slökkviliðsstjóra og fengið hefur samþykki Mannvirkjastofnunar og viðkomandi sveitarstjórnar, sbr. 13. gr. laga um brunavarnir.
15	Þarfnað úrbóta	Húsnæði - slökkvistöð. Húsnæði slökkviliða skal vera í sérstöku brunahólfi minnst EI60 þar sem ekki fer fram önnur starfsemi en sú sem tilheyrir slökkviliðinu. Við slökkvistöð skal vera brunahani. Þessi liður á við húsnæðið.
27	Þarfnað úrbóta	Allur hlífðarbúnaður skal að lágmarki uppfylla ákvæði ÍST EN staðla. Ekki er til hlífðarfatnaður vegna viðbragðs slökkviliðsins við slysum þar sem fást þarf við hættuleg efni. Endurnýja þarf hjálma.

Gátlisti vegna eldvarnareftirlits :

Atriði	Mat	Lýsing
13	Þarfnað úrbóta	Allir starfsmenn og stjórnendur í mannvirkjum, lóðum og starfsemi sem falla undir 19. gr. skulu fá kennslu í brunavörnum og halda skal reglulega brunaæfingar sem taka mið af áhættunni í mannvirkinu. Nýráðnir og afleysingafólk skulu fá upplýsingar um hvernig beri að haga sér við bruna áður en þeir taka til starfa.
14	Þarfnað úrbóta	Forrráðamaður mannvirkis, lóðar og starfsemi sem fellur undir 19. gr. skal útbúa og innleiða umgengisreglur og neyðaráætlanir sem stýra aðgerðum sem snerta brunavarnir eða viðbrögð við eldi. Fyrir mannvirki þar sem eldsvoði getur leitt til stórfellds manntjóns skal auk þess gera björgunar- og viðbragðsáætlun. Eldvarnareftirlit slökkviliðs getur gert kröfu um að slíkt sé einnig gert fyrir önnur mannvirki og/eða lóðir.

17	Þarfnað úrbóta	Suðuvinnu, logavinnu og aðra sambærilega vinnu sem hefur í för með sér hættu á eldsvoða skal framkvæma á föstum vinnustað, sé þess nokkur kostur, sem hannaður er til að koma í veg fyrir og takmarka bruna. Sá sem vinnur síla vinnu á tímabundnum vinnustað, þ.m.t. vinnu á þaki, skal sýna sérstaka aðgát. Hann skal framkvæma nauðsynlegar fyrirbyggjandi aðgerðir til að koma í veg fyrir bruna og hafa á staðnum nauðsynlegan slökkvibúnað til að geta brugðist taflaust við ef eldur kemur upp.
21	Þarfnað úrbóta	Sveitarfélag skal gæta þess að nægjanlegur hluti af heildarframlagi til slökkviliðsins sé nýttur til forvara og eftirlitsstarfa. Fyrir 1. febrúar ár hvert skal slökkviliðsstjóri gefa út eftirlitsáætlun ársins þar sem gerð er grein fyrir því hvaða mannvirki, lóðir og starfsemi í sveitarfélagini munu sæta eldvarnareftirliti það árið. Áætlunin skal birt á vefsíðu slökkviliðsins eða viðkomandi sveitarfélags. Fyrir 1. mars ár hvert skal slökkviliðsstjóri taka saman skýrslu um framkvæmd eldvarnareftirlits á liðnu ári og hvaða árangur hefur náðst.

Gátlisti vegna brunavarnaáætlunar:

Brunavarnaáætlun er ekki í gildi.

Skoðunarblað fyrir loftpressu :

	Mat	Lýsing
5	Þarfnað úrbóta	Öryggisstraumrofi skal vera <ol style="list-style-type: none"> fyrir loftþjöppuna og við áfyllingarstað.
6.	Vantar	Umsögn Vinneftirlits ríkisins vantar
17	Vantar	Öryggiskeðjur vantar á slöngur

Gátlisti vegna tvívirkra vökvaknúinna björgunarverkfæra:

Engar athugasemdir.